

Xverkfjöll

Leiðarvísir að grjótglímu





Mynd tekin yfir efra hverasvæði Kverkfjalla. Í fjarska sjást Dyngjufjöll, Herðubreið og Holuhraun.

Inngangur


Það er ósk margra klettaklifrara að feta í fótspor ódádámanna og ferðast um hálendi Íslands, en þegar líður á daginn þá hugsa margir með sér: Þar er ekkert klifur! - og enda því oftast á Hnappavöllum eða öðrum vel þekktum klifursvæðum. Aðspurðir myndu margir telja að góðar ástæður liggi fyrir klifurleysi hálendisins. Til dæmis mætti benda á fjarlægð frá byggð og almennilegum vegum, en eins og allir vita þá ætti gott klettaklifursvæði aðeins að vera steinsnar frá þjóðveginum, í mesta lagi hálf tími frá barnum og í skjóli fyrir vindum. Hugsanlega væri líka nefnt að bergið á hálendinu er að mestu lágreist apalhraun sem helst mætti mylja niður í vegarefni fyrir betri klifursvæði. Þessar áhyggjur

eru á rökum reistar. Grjótglímusvæðið í Kverkfjöllum hlýtur að vera afskekktasta klifursvæði Íslands. Það er að minnsta kosti 3 klst keyrsla eftir bölvuðum torfærum áður en komið er að næsta kaupstað (Möðrudalur fæst ekki talinn sem kaupstaður í þessu riti). Hálendið norðan Vatnajökuls er eitt úrkomuminnsta svæði landsins, en þar sem minnst rignir á Íslandi rignir þó. Svæðið er í skjóli fyrir verstu vindum en þegar sólin er hátt á lofti verður nokkur fallvindur af jöklinum og því má alltaf búast með veðri í einhverri mynd. Þetta telst þó ekki mikið verra en önnur klifursvæði á þessu rokrassgati. Tilgátur um bergið í Kverkfjöllum eru heldur ekki fjarri lagi. Kverkfjöll liggja á miðju sprungubelti og sökum þess er hér að

finna fjölmargar útgáfur af basalt hraunlögum og móbergs klettum. Vissulega er mikið af því í apal og helluhrauns myndum en inn á milli er að finna mjög flottar, nærri því heillegar, basalt blokkir. Svo finnst hér líka vel veðrað og skemmtilegt móberg sem gefur áhugavert klifur. Í hverju undirsvæði Kverkfjalla má búast við að klifra á nýju og öðruvísi hrauni. Sökum þess hve sprungið hraunið er þá gefur eðli þess ekki af sér gífurlega erfitt klifur - ákveðnir spekingar benda kannski á samhengi erfiðleikanna og minnar eigin klifurgetu og er líklega mikið til í því. Ég telst seint vera mikill grjótglímukappi og því eru flestar leiðirnar á bilinu V0-V5. Nokkur project eru merkt inn á myndir og fullt eftir til

að þróa á svæðinu. Í þessum leiðarvísi eru 34 leiðir en á svæðinu er möguleiki á vel yfir hundrað þöppum í viðbót. Mismunandi eiginleikar klettana hér hafa verið helsti drifkrafturinn í klifrinu. Það er von mín að þetta rit veki áhuga annarra á því að þróa fleiri klifursvæði á hálendinu. Hér eru endalausir möguleikar. Af því sem ég hef séð í sumar má helst nefna Krepputungur, Hvannalindir og svo eru gilin við Jökulsá á Fjöllum með mikið af stórum og heillegum bergveggum sem gætu gefið mjög gott dótaklifur.

Með von um að Kverkfjöll verði ekki klassík of lengi, Þorsteinn Cameron



Hvernig skal lesa leiðarvísi

Allar grjótglímuprautir Kverkfjalla byrja sitjandi eða því næst sem hægt er, nema tekið sé fram annað. Oft eru leiðirnar í lægri kantinum og því er oft mikilvægt að byrja í réttu tókunum ef leiðin skal klifruð eins og hún er gráðuð. Þessi tök eru því stundum merkt inn á myndir með lituðum hringum. Því næst skal fylgja punktuðu línunni að bestu getu upp á topp. Allar leiðirnar enda með top out. Leiðir eru annaðhvort merktar inn með grænum eða rauðum punktalínum. Litirnir eru einungis til þess að aðskilja leiðir og gefa ekkert til um eiginleika. Nánar er fjallað um hverja leið í textum við myndirnar en leiðirnar eru allar númeraðar eftir á hverri opnu fyrir sig. Gráður eru gefnar eftir bandaríska kerfinu og eru opnar fyrir athugasemdum.

Aðkoma og gisting

Frá Egilsstöðum er fljótlegast að aka eftir F905 að og frá Möðrudal og skipta í F902 beint að Sigurðarskála. Frá Akureyri er F88 fylgt að Öskju og svo F902 að Sigurðarskála. Engin alvarleg vöð eru á leiðinni fyrir utan eitt á F88 við Herðubreiðalindir sem kann að vera vandasamt.

Eina gistingin á svæðinu er í Sigurðarskála sem rekinn er af Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs. Verðin breytast árlega en það kostar umþb. 7.500kr að gista inni og 1.800kr í tjaldstæði. Á hverju kvöldi er svo skemmtileg myndasýning í matsalnum og vert er að nefna að sturtan sem snýr norður er aflmeiri en sú sem snýr suður.


Kort af Kverkfjöllum

Gervihnattamyndirnar sem liggja undir kortinu voru fengnar án leyfis af vefsíðu map.is Kortið sem lagt er ofan á er teiknað að mestu eftir gloppóttu minni og ber því að varast nákvæmni þess.

Kortavísir

- Klifursvæði
- 1. Gíslagil
 - 2. Þórhallsklettar
 - 3. Skýjaborgir
 - 4. Kotbóndasæla
 - 5. Steinvölugil

- Annað
- a. Sigurðarskáli
 - b. Vegur að Kverkjökli
 - c. Þórhallsstígur
 - d. Völustígur





Gíslagil

Það var frítt föruneysi sem lagði leið sína í Kverkfjöll í byrjun sumars 2016. Hingað komu, að undanskildum höfundum, Sólveig Rún Samúelsdóttir skálavörður, Þórhallur Þorsteinsson ráðherra Kverkfjalla, konan hans Dagný og vinafólk þeirra; Magnús, Jóhanna og Ingjaldur. Með Ingjaldu var svo aðal fógeti svæðisins, 5 ára sonur hans, Gísli. Gísli lagði aldeilis fyrir okkur línurnar hér á svæðinu, kynnti mér fyrir ýmsum hellum og kenndi mér að klifra upp á Himnaríki (Matarkompa Sigurðarskála). Þetta fyrsta svæði Kverkfjalla er því nefnt honum til heiðurs. Lækurinn sem rennur meðfram Sigurðarskála liggur úr Gíslagili og er aðkoman 5 min. Gíslagil skiptist í 3 rennur, fyrsta frá vinstri er sá kafli sem lækurinn fossar niður úr. Þar var von að klifra í klettum vinstra megin við ána en

þeir reyndust byrja af þunnri snjóbrú. Því var leitað af sárabótum hægra megin við lækinn. Þar finnast leiðirnar Sárabót og Hává. Í næstu rennu til hægri má finna 2 leiðir í litlu þaki en þar fyrir ofan fannst við klifrið stærsti klasi af Tröllaskeggi sem sést hefur í Kverkfjöllum. Í næstu rennu er svo að finna lengstu leiðina á svæðinu, Heavens to Mergatroid. Það er 25m löng traversa í nærri stöðugu yfirhanga og fær því sportklifurgráðu. Bergið er mjög mismunandi eftir rennunum og því enginn einkennandi stíll á svæðinu en allar leiðirnar byrja sitjandi og enda á toppnum.




1. Sárabót V1/ Fín leið sem bætti upp fyrir það að leiðirnar hinum megin við ána hófust á ótraustri snjóbrú.
2. * Hává V2 / High ball probbi. Skemmtilegar hreyfingar leiða í hátt og taugatrekkjandi top out. Bannað að stíga á klettinn til hægri.





1. Tröllkarl V2
2. Tröllskessa V2 / Fyrir ofan þessa probba er að finna stóran klasa af Tröllafléttum, mjög sjaldgæf flétta.
3. * Heavens to Mergatroid 6b+ / 25M langt tra verse. Línan á myndinni merkir hæðina sem hendur eiga að haldast við. Almennt stór handtök og pósitífr fætur en leiðin er nánast öll yfirhangandi og gefur því góða pumpu. Lykil grip eru merkt með hringjum.
4. Heavens to Mergatroid alt. exit 6b / Sleppir fyrir E.K.






Pórhallsklettur

Pórhallsklettur er þeir fyrstu sem komið er að þegar gengið er frá Sigurðarskála eftir Þórhallsstíg í átt að Kverkjökli. Ef gengið hefur verið í meira en korter þá hefur viðkomandi gengið of langt eða er orðinn verulega villtur. Þórhallsklettur er það svæði sem fyrst var þróað til klifurs í Kverkfjöllum. Leiðirnar héru eru almennt frekar lágvaxnar (á bilinu 1.5m-3m á hæð) og eru lendingarnar eins og best verður á kosið. Bergið hér er einnig ansi gott en ber þó að athuga að laust grjót er að finna í leiðunum Upptyppingur og Niðurtyppingur. Einnig er upphitunarveggurinn við upphaf svæðisins (lesist frá vinstri til hægri) laus í sér. Leiðirnar eru flestar í auðveldari kantinum en sökum hæðar klettana þá er oft tekið skýrt fram

hvar klifrarar eigi að byrja með hendurnar. Eins og annarsstaðar er búist við að leiðirnar séu byrjaðar sitjandi og endi á toppi klettana. Áhugaverð lag-skipting hraunsins í Þórhallsklettum veldur því að megin erfiðleikarnir eru að finna í neðri hluta leiðanna.

1. Sippin' on gin and juice V0
2. * Aumingja Rauður V2/3 - Bannað að nota hægri kantinn eða neitt framhjá honum.
3. Upptyppingur V1
4. Niðurtyppingur V0 / Varúð, laust grjót.






1. * Himnaríki Sigurðar V3/4 - Byrjar á báðum neðri hornum þaksins, power hreyfing í pocket fyrir miðju og svo upp.
2. Eldhús Dagnýjar V1/2 - Fínt slapp upp hliðarnar.
3. Nei-jarskemman V2/3 - Byrjar í stóru undirtaki undir þakinu. Flott hreyfing úr krimper á þakkantinum og upp í stóra syllu.





Skýjaborgir

Eftir að gengið hefur verið framhjá Þórhalls-klettum opnast fljótlega upp annað klettabelti til austurs (vinstri, ef gengið er frá Sigurðarskála). Þetta eru Skýjaborgir. Svæðið er mjög stórt og býður upp á helling af þöbbum en hefur ekki verið mikið þróað. Stór hluti af því gengur upp úr sillu og er því nokkuð varasamt en restin er flest frekar lágreist. Skýjaborgir teygja sig langt til austurs og fyrir endanum er glæsilegt þak og má finna þar marga góða þobba. Einungis hefur ein leið verið kláruð þar sem nefnist Biff one's a banger. Þakið er lengi blautt eftir rigningu og bergið mjög beitt. Nær stígnum finnast fleiri gæðaleiðir eins og Skúmasprungan, Gullfoss og Aspartam. Þetta svæði geymir flestar þakleiðir Kverkfjalla en vert er að nefna að bergið í þökunum er oft á tíðum laust og ber að fara þar með varúð.

1. Wahwah V1 - Há leið á góðum tókum.







1. Rapesan V2/3 - Fín leið sem byrjar í sama taki og Aspartam. Fyrsta hreyfingin er löng.
2. * Aspartam V3/4 - Skemmtileg leið í þaki á góðum tókum. Erfið fyrsta hreyfing í stærsta bucket Kverkfjalla. Enn stærri hreyfing út úr þakinu.
3. Fenýlalanín V2/3 - Lykil hælkrókur í byrjun af lausu bergi sem stutt er af grjóti. E.K. úr þakinu og upp á brún via krimper á brúninni.

ATH. Bergið í þessum leiðum er athugavert, sér í lagi litlir fætur.

4. * Skúmasprunga V1/2 - Highball. Glæsileg splitter sprunga upp undir lítið þak. Einungis má nota hendur inni í sprungunni að þakinu. Top outið er nokkuð varasamt sökum stórra sprungna í berginu og fall er ekki í boði fyrir þá sem vilja ganga heim. Top outið er í sirka 5m hæð en svo leggst ofan á það að leiðin byrjar af lítilli sillu í 3m hæð.





1. "V" V2/3 - Fínn one move probbi. Hægt að nota lítil grip og minnka hreyfinguna.
2. *Gullfoss V2/3 - Góð leið út þakið á góðum gripum. Hælkrókur til að komast yfir brúnina.
3. *Biff one's a banger V4/5 - Mjög flott leið í gegnum þakið á góðum gripum sem versna fljótt við brúnina. Stór hreyfing út þakið úr slæmum slóperum í fleiri slópera. Byrjar standandi

Grænar línur á myndinni við Biff one's a banger eru opin project.






Kotbóndasæla

Kotbóndasæla er eitt magnaðasta svæði Kverkfjalla. Þegar Þórhallsstígur beygir vestur frá Skýjaborgum er horft ofan í lítið gil og ef göngumaður yfirgefur stigin og fylgir því þá opnast það út að Dyngjujökli og sjást fjölmörg stór grettistök á víðavangi. Þessir klettur eru með þeim stærri og tignarlegri sem finnast á Kverkfjallasvæðinu. Þeir hafa þó veðrast illa í aldanna rás og eru margir gífurlega sprungnir. Það sem eftir stendur er blanda af beittu og nokkuð abstrakt bergi sem gefur af sér stórskemmtilegt klifur. Ólíkt þeim svæðum sem á undan hafa komið þá hefur veðrun ollið því að þessir klettur eiga það til að vera með nokkuð laust top out sem ber að hafa í huga áður en lagt er í þá. Eining snúa sumar leiðir hér mót-veðurs og fara því upp hliðar

þaktar fléttum og mosa. Í þjóðgarðinum ber jafnvel að huga að minnsta lífríkinu sem og því stærsta og því skal vanda valið í gripum og fótstigum (Pís át landverðir!). Útlistun leiða á þessu svæði er ekki frá stíg og út eins og áður hefur komið heldur öfugt. Fyrst kom ég að svæðinu frá veginum og því eru fyrstu leiðirnar skráðar þaðan. Svæðið sést greinilega frá veginum og hægt er að leggja þar í ýmsum útskotum (Alls ekki utan vega!).

1. Brauð í bobba V1
2. Hrærikista V0
3. Eina köngulóin í Kverkfjöllum V1





1. * Sveðja V2/3 - Mjög falleg lína sem fylgir kantinum á litlum tókum. E.K. við byrjun á kantinum.
2. Vasahnífur V0
3. Pilsner V1 - Fínn hælkrókur í byrjun. Þessi leið er aftan á klettinum sem liggur við Sveðju klettinn.
4. * Egils Gull V3/4 - Glæsilegur lítill probbi. E.K. í byrjun úr litlum krimper á brúninni og í góðan vasa. Jafnvægisleikur þaðan upp á topp.



1. * Töff Tuft V3/4 - Geðveik byrjunar hreyfing með hæl í sömu hæð og vinstri hendi. Rokkað yfir til hægri á litlum tókum og svo þaðan upp hægra fésið.
2. Fjalla-Eyvindur V2/3

Svart kaffi

Steinvala



Steinvölugil

Síðast en ekki síst er komið að Steinvölugili. Svæðið skiptist í tvennt eins og er en hér er heilmikið eftir óskoðað. Til dæmis er nyrsta gilið algjörlega ósnert en býður upp á þó nokkra góða probba. Bergið hér er mjög solid og eru flestar blokkirnar fallnar úr heillegum basalt veggjum sem umlykja gilið. Bergið er vel veðrað af vatni og gefur því góða og tæknilega probba. Ef fólk er að leita að erfiðum probbum þá myndi ég leita hér. Þetta er síðasta svæðið sem ég byrjaði að þróa og því miður minnst þróaða. Það er um það bil 30min ganga að sektorum frá Sigurðarskála og um 10min frá veginum sem liggur að jökli. Sektorinn er í miklu skjóli fyrir vindum en galopinn fyrir eftirmiðdagssólinni. Topp svæði!

1. * Svart kaffi V3/4 - Mjög næs probbi sem sleppir öllu rauða berginu. Tæpu raili er fylgt upp í hliðartök og svo löng hreyfing upp á topp. # Græn leiðir merkir direct variation sem væri mjög töff probbi!
2. * Amino V4/5 - Æði. Byrjar í góðu breiki og slap þar svo í tæpa slópera. Háir fætur opna svo upp topp out á slabbinu. #Græn leið til vinstri er flott proj.





1. * Steinvala V3/4 - Dýnamísk leið! Byrjar með vinstri hönd í vel beittri sprungu. Að lokum notaði ég fist jam frekar en hendi til að spara puttana. Stórar hreyfingar og hælkrókar leiða upp á efstu brúnina og fint topp out.
2. * Bergwanderweg V3/4 - Fín leið upp kantinn. Byrjar með tæpu poppi með hægri hönd og hælkrók. #Græn leið til vinstri er flott proj.